

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 168/2013

2014/EES/13/16

frá 8. október 2013

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/32/ESB frá 19. janúar 2012 þar sem þess er krafist að aðildarríkin banni að settur verði á markað áfastur skurðarbúnaður með sláttupúst fyrir handsláttuorf með blaði ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB) í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„1d. **32012 D 0032**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/32/ESB frá 19. janúar 2012 þar sem þess er krafist að aðildarríkin banni að settur verði á markað áfastur skurðarbúnaður með sláttupúst fyrir handsláttuorf með blaði (Stjtíð. ESB L 18, 21.1.2012, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2012/32/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 18, 21.1.2012, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.